

Skólareglur Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur sem skylt er að fara eftir. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð, réttindi og skyldur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim. Skólareglur GF byggja á námskrá, lögum og reglugerðum og *uppbýggingarstefnunni* sem lögð er til grundvallar við mótun skólabrags GF.

Almennar reglur

Við eigum að:

- sýna virðingu, tillitssemi og kurteisi,
- fara að fyrirmælum alls starfsfólks,
- vera stundvís og hafa nauðsynleg gögn meðferðis,
- skapa og virða vinnufrið,
- fara vel með og bera virðingu fyrir eigum okkar og annarra.

Öryggisreglur

Við eigum aldrei að:

- koma með eða beita hlutum sem geta skaðað aðra,
- beita ofbeldi (andlegu eða líkamlegu),
- neyta ávana- eða fíkniefna,
- hreyfa við öryggisbúnaði skólamiðstöðvar (bjöllur, gluggar, neyðarútgangar og fleira).

Umgengnisreglur:

- Við höfum í heiðri heilbrigðar og hollar lífsvenjur og komum með hollt nesti í skólann. Við neytum hvorki sælgætis né gosdrykkja í skólanum nema við sérstök tækifæri.
- Við förum úr útiskóm og setjum í hillur og hengjum upp yfirhafnir.
- Við nýtum frímínútur til útiveru og klæðumst eftir veðri. Útivera í frímínútum er frjálst val fyrir 8.-10. bekk.
- Við förum í snjókast á afmörkuðu svæði á körfuboltavellinum. Við köstum aldrei í áttina að skólanum eða í þá sem ekki eru þátttakendur í leiknum.
- Við yfirgefum ekki skólalóð á skólatíma án leyfis.
- Við tökum ekki peninga og önnur verðmæti með í skólann að þarflausu, skólinn tekur ekki ábyrgð á verðmætum sem nemendur koma með.
- Við notum ekki reiðhjól, hjólabretti, hlaupahjól, línu- eða hjólaskauta á skólalóðinni á skólatíma. Með leyfi forráðamanna er nemendum heimilt að koma á hjóli í skólann þegar færð leyfir (athuga þó að börnum undir 7 ára er óheimilt að hjóla á götum án fylgdar). Skylt er samkvæmt lögum að nota reiðhjólahljál.
- Við erum fulltrúar okkar byggðarlags í nemendaferðum og fylgjum skólareglunum.

Viðurlög

Viðurlögum er beitt eftir aðstæðum, eðli og alvarleika brots eða tíðni vægari brota. Ávallt skal hafa í huga að allir geta gert mistök og mistök eru til að læra af þeim. Í slíkum tilfellum er rætt við nemanda og honum gefið tækifæri til að bæta sig (með uppbyggingarsamtali við starfsmann).

Við úrvinnslu brota á öryggisreglum og þegar uppbygging skilar ekki árangri er gripið til viðurlaga í samráði við forráðamenn.

Alltaf skal gefa nemendum tækifæri til að jafna sig á orðnum hlut áður en úrvinnsla mála hefst, nemandi getur þurft að fara heim til að jafna sig.

Viðurlög geta verið:

- Áminning gefin og skráð.
- Nemandi tekur hlé frá þátttöku í ákveðnum verkefnum eða leikjum.
- Unnið í einveru eða hjá skólastjóra.
- Úrræði í samráði við forráðamenn.
- Skrifleg skilyrði sett af skóla og forráðamönnum.
- Nemandi fær fylgdarmann (starfsmann eða forráðamann) í frímínútum eða kennslustund.
- Nemendur sem ekki fylgja reglum í nemendaferðum getur þurft að senda heim á kostnað forráðamanna.
- Tjón á eignum skólans eða annarra getur þurft að bæta, með greiðslum og vinnu.
- Hjól nemanda, sem hjólar á skólalóðinni á skólatíma eða hjólar án þess að nota hjálm, er sett í geymslu og verður aðeins afhent í samráði við forráðamenn.
- Í ákveðnum tilfellum getur þurft að leita eftir aðstoð skólayfirvalda eða barnaverndar.

Viðurlögum er beitt í samráði við forráðamenn og nemanda, þá er jafnframt unnin uppbyggingaráætlun.

Reglur um snjalltæki í grunnskólum Fjarðabyggðar

- Nemendur í grunnskólum Fjarðabyggðar skulu ekki nota eigin snjalltæki, snjallsíma eða snjallúr á skólatíma, hvorki í skólanum né á skólalóð. Mælt er til þess að nemendur geymi snjalltæki heima. Taki nemendur þau með í skólann skal vera slökkt á þeim eða þau sett á þögula stillingu. Skólastjóri getur gert undantekningu frá þessari reglu í ákveðnum tilvikum.
- Brjóti nemandi þessar reglur skal starfsfólk benda nemanda á að setja tækið niður í tösku og slökkva á því. Brjóti nemandi ítrekað þessar reglur skal honum vísað til skólastjóra þar sem nemandi afhendir tækið og foreldrar sækja það. Neiti nemandi að afhenda slík tæki þá skulu foreldrar koma í skólann og ná í tækið.

Einnig voru eftirfarandi verklagsreglur samþykktar vegna notkunar starfsmanna á snjalltækjum í grunnskólum Fjarðabyggðar.

- Í grunnskólum Fjarðabyggðar hefur starfsfólk leyfi til að nota eigin snjalltæki í kennslufræðilegum tilgangi eða sem öryggistæki.

- Starfsmenn skulu gæta þess að stilla snjalltæki þannig að ekki hljóti af truflun fyrir annað starfsfólk og nemendur.

Samningur foreldra og skóla um myndatökur og akstur

- Nemandinn má fara í rútuferðir á vegum skólans, enda sé tryggt að fyllsta öryggis sé gætt.
- Nemandi má fara í einkabíl starfsmanns í stuttar ferðir t.d. á milli skóla og íþróttamannvirkja enda sé tryggt að fyllsta öryggis sé gætt.
- Taka má myndir af nemandanum í skólastarfi og birta á heimasíðu, í skólanámskrá, veggmyndum eða bæklingum á vegum skólans.
- Taka má myndir af nemandanum af gestum á t. d. árshátíðum og öðrum álíka sýningum og viðburðum enda verði ætlast til þess að þær myndir verði hvergi birtar án leyfis.

Umferð og hjólreiðar við GF

Æskilegt er að sem flestir starfsmenn og nemendur gangi eða hjóli til og frá skóla.

Ökuleiðin neðan við skólamiðstöðina er vistgata og þar gilda eftirfarandi reglur:

- hámarkshraði er 15 km
- heimilt er að leika sér á götunni og aðeins má leggja í merkt bílastæði.
- einstefna er um svæðið frá austri til vesturs.
- áhersla er lögð á **að enginn aki þessa leið að óþörfu.**



Þá er þeim tilmælum beint til þeirra sem aka farþegum í skólamiðstöðina að nota sleppistæðið við Hlíðargötuna. Það er mikilvægt að þeir sem koma gangandi noti gangstéttar eða göngustíga á leiðinni til og frá skóla.

Þeir sem hjóla í skólann þurfa að hafa öryggisbúnað í lagi, vera með hjálm, fara örugga leið og fylgja umferðarreglunum. Nemendur sem hafa leyfi foreldra til að hjóla í skólann, hafa leyfi til að fara á hjóli í íþróttir *ef þær eru í lok skóladags*.

Í skólareglum segir: "Við notum ekki reiðhjól, hjólabretti, hlaupahjól, línu- eða hjólaskauta á skólalóðinni á skólatíma. Með leyfi forráðamanna er nemendum heimilt að koma á hjóli í skólann þegar færð leyfir (athuga þó að börnum undir 9 ára er óheimilt að hjóla á götum án fylgdar). Samkvæmt lögum er börnum yngri en 16 ára skylt að nota hjálma og þarf hann að vera í réttri stærð og rétt stilltur.

Rafskútur eru ekki leyfðar á skólalóð í frímínútum og hádegishléi. Ekki er heimilt að hafa farþega á rafknúnu hlaupahjóli. Geyma skal rafknúin hlaupahjól í hjólagrindum fyrir utan

skólann og þau skulu vera læst. Rafskútur eru alfarið á ábyrgð nemenda og forráðamanna þeirra, einnig er það á ábyrgð forráðamanna að nemendur noti viðeigandi öryggisbúnað.